

# **HLUTHAFASAMNINGUR**

## **vegna Reiknistofu bankanna hf.**

---

**AÐILAR:**

**GREIÐSLUVEITAN EHF.**

- og -

**ARION BANKI HF.**

- og -

**LANDSBANKINN HF.**

- og -

**ÍSLANDBANKI HF.**

- og -

**KVIKA BANKI HF.**

- og -

**SPARISJÓÐUR HÖFÐHVERFINGA SES.**

- og -

**SPARISJÓÐUR STRANDAMANNA SES.**

- og -

**SPARISJÓÐUR SUÐUR-ÞINGEYINGA SES.**

- og -

**REIKNISTOFA BANKANNA HF.**

## Hluthafasamningur þessi er gerður milli:

**A GREIÐSLUVEITUNNAR EHF.**, kt. 680800-3240, Álfheimum 74, 108 Reykjavík („Greiðsluveitan“);

**B ARION BANKA HF.**, kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („Arion banki“);

**C LANDSBANKANS HF.**, kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík („Landsbankinn“);

**D ÍSLANDBANKA HF.**, kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („Íslandsbanki“);

**E KVIKU BANKA HF.**, kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („Kvika“);

**F SPARISJÓÐS HÖFÐHVERFINGA SES.**, kt. 610269-6569, Túngötu 3, 610 Grenivík;

**G SPARISJÓÐS STRANDAMANNA SES.**, kt. 610269-4199, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík;

**H SPARISJÓÐS SUÐUR-ÞINGEYINGA SES.**, kt. 5309990-2149, Kjarna, 650 Laugum; og

**I REIKNISTOFU BANKANNA HF.**, kt. 470111-0540, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

hér eftir einnig sameiginlega nefndir „aðilar“, þar með talið Reiknistofa bankanna hf., kt. 470111-0540 („félagið“), nema annað sé tekið fram. Þegar vísað er til „hluthafa“ í hluthafasamningi þessum („samningurinn“) er átt við alla aðila að undanskildu félaginu og hver um sig er nefndur „hluthafi“.

### 1. INNGANGUR

- 1.1 Aðilar samningsins eru eigendur að öllu útgefnu hlutafé í félaginu. Með undirritun aðila fellur úr gildi hluthafasamningur vegna félagsins frá 15. desember 2010.
- 1.2 Tilgangur samningsins er að kveða nánar á um tiltekin atriði um meðferð eignarhluta í félaginu, samsetningu og umgjörð stjórnar félagsins sem og tiltekin atriði er varða starfsemi þess.
- 1.3 Félagið hefur það hlutverk að starfa sem innviðafélag eins og nánar er mælt fyrir um í samningi þessum og samþykktum félagsins. Markmiðið er að starfsemin stuðli að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni í rekstri fjármálainnviða sem leiði til hagkvæmara umhverfis fjármálastofnana og eflir samkeppnishæfni þeirra. Á grundvelli hagræðingar er rekstur félagsins til þess fallinn að skila ábata til viðskiptavina félagsins og neytenda.
- 1.4 Eignarhald félagsins er að hluta í höndum keppinauta og felur rekstur þess í sér samvinnu hluthafa á tilteknum sviðum starfseminnar. Óháð því munu hluthafar, sem starfa á fjármálamarkaði, áfram starfa sem virkir keppinautar. Tryggja skal að starfsumgjörð félagsins og sú tiltekna samvinna hluthafa raski með engu samkeppni á fjármálamarkaði, hvort sem er á milli hluthafa félagsins eða gagnvart öðrum aðilum á fjármálamarkaði. Skal það m.a. gert með setningu starfsreglna stjórnar og starfshópa, samkeppnisréttaráætlunar og framkvæmd reglubundins sjálfsmats á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

## 2. MEÐFERÐ EIGNARHLUTA Í FÉLAGINU

- 2.1 Einungis fjármálafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabankar eða sparisjóðir (innlánsstofnanir) auk Seðlabanka Íslands og félaga sem eru 100% í hans eigu, geta átt hlut í félaginu.
- 2.2 Aðilaskipti að hlutum í félaginu skulu vera í samræmi við samninginn og samþykktir félagsins.
- 2.3 Um sölu og framsal eignarhluta fer samkvæmt neðangreindu.
  - 2.3.1 Hyggist hluthafi selja eignarhlut sinn í félaginu í heild eða að hluta skal honum einungis heimilt að selja hlutina til félagsins, annarra hluthafa eða aðila sem tilgreindir eru í gr. 2.1. Skal hann tilkynna öðrum hluthöfum þá fyrirætlan sína með sannanlegum hætti og gefa þeim jöfn tækifæri til að kaupa hlutina.
  - 2.3.2 Vilji fleiri en einn hluthafi kaupa hlutina skal hið selda skiptast niður í hlutfalli við eign þeirra í félaginu, nema þeir semji um annað eða framsal sé í tengslum við aðkomu nýrra aðila, sem uppfylla skilyrði gr. 2.1.
  - 2.3.3 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 2.3.1 og 2.3.2 er Greiðsluveitunni ávallt heimilt að framselja Seðlabanka Íslands, að hluta eða að öllu leyti, hlut sinn í félaginu.
- 2.4 Miðað skal við að hlutir í félaginu séu seldir á bókfærðu innra virði eigin fjár félagsins.
- 2.5 Í samningi um kaup á hlut í félaginu skal koma fram yfirlýsing frá nýjum eiganda sem beint er til annarra aðila hluthafasamningsins að honum sé kunnugt um efni samningsins og að hann taki við réttindum og skyldum samkvæmt hluthafasamningnum. Skal yfirlýsingin vera á því formi sem fram kemur í **viðauka 1** við hluthafasamninginn. Seljandi viðkomandi hlutar ber ábyrgð á því að öðrum aðilum hluthafasamningsins sé tilkynnt um yfirlýsingu nýs eiganda. Um ferli vegna tilkynningar um yfirlýsingu fer með sama hætti og fram kemur í samþykktum félagsins um tilkynningar sem sendar eru á milli félagsins og hluthafa vegna eigendaskipta að hlutum. Stjórn félagsins skal ekki skrá hina keyptu hluti á nafn hins nýja eiganda fyrr en undirrituð yfirlýsing skv. viðauka 1 liggur fyrir.
- 2.6 Eignarhald Greiðsluveitunnar verður tímabundið og miðast við að markmiðum Seðlabanka Íslands um aðkomu að félaginu sé náð. Seðlabanki Íslands skal tilkynna aðilum þegar markmiðum bankans hefur verið náð og frá þeim tíma hefur félagið allt að 12 mánaða frest til að kaupa hlut Greiðsluveitunnar í félaginu og eiga þá gr. 2.3.1 og 2.3.2 ekki við. Miðað skal við að hlutur Greiðsluveitunnar verði seldur á bókfærðu innra virði eigin fjár félagsins, sbr. gr. 2.4.

## 3. FÉLAGSSTJÓRN

- 3.1 Stjórn félagsins skal skipuð með eftirfarandi hætti:
  - 3.1.1 Viðskiptabankar sem skilgreindir eru sem kerfislega mikilvægir bankar, skulu tilnefna einn stjórnarmann hver. Við undirritun samningsins eru það Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki.
  - 3.1.2 Einn stjórnarmaður skal vera tilnefndur af Greiðsluveitunni.
  - 3.1.3 Hluthafar félagsins skulu í sameiningu tilnefna einn stjórnarmann og skal hann vera óháður einstökum aðilum samningsins („**óháður stjórnarmaður**“). Við mat á óhæði einstaklings skal litið til leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Skal óháði stjórnarmaðurinn vera sérfræðingur sem hefur menntun og/eða starfsreynslu á

starfssviði félagsins. Geti hluthafar félagsins ekki komið sér saman um hvern skuli tilnefna sem óháðan stjórnarmann skal hann tilnefndur af Seðlabanka Íslands.

- 3.2 Varamenn í stjórn skulu tilnefndir með sama hætti og mælt er fyrir um í gr. 3.1.1-3.1.3.
- 3.3 Um formann stjórnar skal gilda eftirfarandi:
  - (a) Fyrstu þrjú starfsár félagsins frá undirritun samnings þessa hefur Greiðsluveitan heimild til að tilnefna formann stjórnar.
  - (b) Þegar tilnefningu formanns skv. a. lið er lokið hafa kerfislega mikilvægir bankar heimild til að tilnefna formann stjórnar og skal röð þeirra miðast við stærð eignarhlutar í félaginu, þannig að sá kerfislegi mikilvægi banki sem fer með stærsta eignarhlutinn öðlast fyrst rétt til að tilnefna formann. Sérhver kerfislega mikilvægur banki hefur heimild til að tilnefna formann stjórnar tvö starfsár samfleytt áður en röðin kemur að næsta kerfislega mikilvæga banka.
- 3.4 Þegar tilnefningu formanns skv. (a) og (b) lið gr. 3.3 er lokið öðlast Greiðsluveitan aftur rétt til að tilnefna formann stjórnar næstu tvö starfsár félagsins og skal formennska stjórnar þar eftir ákveðin í samræmi við (b) lið sömu greinar. Þegar eignarhaldi Greiðsluveitunnar er lokið, sbr. gr. 2.6, munu aðilar samningsins endurskoða gr. 3.1-3.3 um skipan félagsstjórnar.
- 3.5 Stjórnarmenn, sem eru tilnefndir samkvæmt gr. 3.1.1, skulu ekki gegna stöðu bankastjóra eða varabankastjóra þeirra. Einungis einn stjórnarmanna félagsins má starfa á tekju- eða markaðssviði viðskiptabanka.
- 3.6 Segi stjórnarmaður í aðalstjórn félagsins af sér fyrir lok kjörtímabils skal varamaður í stjórn, sem tilnefndur er af sama aðila og stjórnarmaður sem segir af sér, taka sæti sem aðalmaður í stjórn félagsins.
- 3.7 Stjórnarmenn skulu bundnir trúnaði um málefni einstakra hluthafa og viðskiptavina þeirra. Þeir skulu tryggja að störf þeirra leiði ekki til neins konar upplýsingaskipta sem raskað gætu samkeppni á mörkuðum með einum eða öðrum hætti.
- 3.8 Stjórnarmenn skulu starfa í samræmi við starfsreglur stjórnar og yfirlýsingu sem þeir hafa undirritað vegna stjórnarsetunnar, þar sem nánar er kveðið á um hvernig tryggja beri að starfsemi stjórnar sé í samræmi við samkeppnisreglur. Þá skal ritari stjórnar vera löglærður með þekkingu á samkeppnisrétti.

#### **4. STARFSEMI FÉLAGSINS**

- 4.1 Tilgangur félagsins er að efla öryggi og stuðla að skilvirkni í rekstri fjármálainnviða og þannig stuðla að hagkvæmara umhverfi fjármálastofnana. Einnig að efla samkeppnishæfni innlánsstofnana með starfsleyfi hér á landi, bæði innbyrðis og yfir landamæri í anda þess sem fram kom í hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, s.s. með því að tryggja aðgang innlánsstofnana að fjármálainnviðum í rekstri félagsins.
- 4.2 Arðsemi af rekstri og fjárfestingum félagsins skal vera hófleg og er markmið félagsins miðað við ávöxtunarkröfu á 10 ára ríkisskuldabréfum auk 3% álags. Það er ekki markmið félagsins að greiða út arð til hluthafa, heldur stuðla að fjárfestingum og viðgangi félagsins.
- 4.3 Viðskiptavinir félagsins verða aðeins aðilar sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabankar eða sparisjóðir og starfa sem innlánsstofnanir, verðbréfamiðstöðvar sem eru þjónustuveitendur við innlánsstofnanir, Seðlabanki Íslands, Greiðsluveitan ehf. og

Auðkenni ehf. Einnig geta viðskiptavinir félagsins verið aðilar sem styðja við og tengjast greiðslumiðlun og stjórn félagsins hefur einróma mælt með og samþykkt sem viðskiptavini félagsins. Fram til ársloka 2026 getur félagið veitt þjónustu til núverandi viðskiptavina sinna, sem ekki falla undir framangreindar skilgreiningar.

- 4.4 Aðilar sem starfa á sviði greiðslumiðlunar og falla ekki undir skilgreiningu á viðskiptavinum félagsins í gr. 4.3, fá aðgengi að innviðum í rekstri félagsins á grundvelli samninga við og í gegnum viðskiptavini þess. Kerfislega mikilvægir bankar skuldbinda sig til þess að veita þeim aðilum milligöngu að þjónustu félagsins, nema málefnalegar réttlættingarástæður standi til annars. Hver hluthafi félagsins fyrir sig, skuldbindur sig til að verðleggja þjónustu félagsins til þessara aðila á grundvelli verðskrár félagsins. Þá er hluthafa að hámarki heimilt að krefja um greiðslu þóknunar umfram verðskrá vegna kostnaðar sem hlýst af milligöngu hans við að veita þjónustuna. Skilgreina skal nánar í reglubókum og samstarfssamningum hvernig aðgengi skal háttað.
- 4.5 Félagið skal vera sérhæft í rekstri mikilvægra innviða fyrir fjármálamarkaðinn, rekstri kerfa greiðslumiðlunar og tengdra innviða. Félagið skal leggja áherslu á rekstur og samhæfingu þeirra ásamt nauðsynlegum búnaði og bakvinnslu sem þarf til að uppfylla tilgang félagsins. Til að ná þeim markmiðum skal rekstur innviða skilgreindur á þremur lögum. Á lagi 1 verða kerfislega mikilvægir innviðir, á lagi 2 verða samtengd viðskiptabankakerfi og annar sameiginlegur rekstur á lagi 3. Félagið hefur ekki með höndum neina aðra starfsemi en þá sem fellur undir framangreint.
- 4.6 Félagið getur einungis tekið að sér að reka innviði sem fela í sér nýtt samstarf að fenginni tillögu um slíkt samstarf frá faglegum vettvangi um þróun fjármálainnviða til framtíðar („framtíðarvettvangi“, sbr. gr. 4.7). Stjórn félagsins skal leggja sjálfstætt mat á hvort nýtt samstarf samrýmist starfsemi félagsins og ákvæðum laga, einkum með hliðsjón af sjálfsmati á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.
- 4.7 Seðlabanki Íslands mun koma á fót faglegum vettvang um framtíðarstefnumótun fyrir fjármálainnviði í landinu, með áherslu á grunninnviði greiðslumiðlunar og tengda innviði (s.k. „framtíðarvettvangur“). Með vettvanginum mun Seðlabankinn setja fram framtíðarsýn og áherslur sínar um fjármálainnviði. Jafnframt mun vettvangurinn taka á móti hugmyndum um framþróun fjármálainnviða og framkvæma grunnskoðun á þeim sem felst m.a. í að meta hugmyndir eða tillögur um nýtt samstarf á sviði fjármálainnviða hér á landi þar sem smæð markaðarins stendur í vegi fyrir framþróun fjármálainnviða sé náð með nægilega hagkvæmum hætti.
- 4.8 Gefnar verða út reglubækur fyrir kerfislega mikilvæga innviði sem skilgreindir eru sem grunngreiðslukerfi á lagi 1 og ber Seðlabanki Íslands ábyrgð á fyrirkomulagi og útgáfu þeirra. Greiðsluveitan mun annast vettvang fyrir reglubækur. Samstarfssamningar verða gerðir um innviði sem skilgreindir eru sem samtengd viðskiptabankakerfi á lagi 2. Þjónustusamningar verða gerðir um sérhvern innvið í rekstri félagsins, þ.e. á lögum 1, 2 og 3.
- 4.9 Breytingastjórn og framþróunarhópar verða starfræktir fyrir innviði á lagi 1 og 2. Félagið ber ábyrgð á fyrirkomulagi breytingastjórnar og framþróunarhópa. Tilgangur breytingastjórnar er að samhæfa breytingar á innviðum og ákveða forgangsröðun við innleiðingu nýrra innviða. Hlutverk framþróunarhópa er að stuðla að framþróun þess samstarfs sem varðar virkni fjármálainnviða í rekstri félagsins sem og tæknilega eiginleika og stöðlun þeirra.
- 4.10 Verðlagning félagsins skal vera opinber. Verðlagning skal vera gagnsæ og gæta verður jafnræðis og hlutlægni gagnvart öllum aðilum.
- 4.11 Viðskiptavinir félagsins skulu njóta sömu kjara óháð því hvort þeir eru eigendur félagsins eða ekki, nema málefnalegar réttlættingarástæður standi til annars. Verðlagning félagsins skal byggð á kostnaðarútreikningi að viðbætti arðsemiskröfu tilgreindri í gr. 4.2. Verðskrá

félagsins verði þannig sem gagnsæjust og stuðli að heilbrigðri samkeppni og hagræðingu. Mun félagið hafa til viðmiðunar að viðskiptavinir félagsins greiði eftir verðskrá sem verði skipt upp eftir vörum í fastan og breytilegan lið. Breytilegi liðurinn taki m.a. mið af notkun.

- 4.12 Í starfsemi félagsins skal gætt að samkeppnissjónarmiðum í hvívetna. Jafnframt skal miðað við að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni sem fæst af samrekstri fjármálainnviða á vettvangi félagsins efli samkeppnishæfni notenda þjónustu félagsins og skili þannig ábata bæði til viðskiptavina félagsins og neytenda allra.

## **5. VANEFNDIR**

Verði veruleg vanefnd af hálfu einhvers aðila samkvæmt samningi þessum skal hverjum öðrum aðilum hans heimilt að rifta samningnum og/eða krefjast skaðabóta, sem skulu svara til þess beina og óbeina tjóns sem aðrir aðilar hafa orðið fyrir vegna vanefndanna.

## **6. GILDISTÍMI**

Samningur þessi er bindandi milli aðila á meðan þeir eru hluthafar í félaginu.

## **7. TRÚNAÐUR**

Samningur þessi skal ekki bundinn trúnaði.

## **8. LÖG OG ÚRLAUSN ÁGREININGSEFNA**

- 8.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 8.2 Rísi ágreiningur um efni þessa samnings, efndir hans eða annað, sem samningurinn tekur til, skulu aðilar leita eftir að leysa ágreininginn með samkomulagi í góðri trú.
- 8.3 Takist ekki að leysa ágreininginn með samkomulagi eru aðilar sammála um að leggja þann ágreining fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til úrlausnar.

## **9. BREYTINGAR, UNDIRRITUN O.FL.**

- 9.1 Engar breytingar verða gerðar á samningi þessum nema með skriflegum hætti og með samþykki hluthafa sem fara að lágmarki með 95% hlutafjáreignar í félaginu. Þegar eignarhaldi Greiðsluveitunnar er lokið, sbr. gr. 2.6, munu aðilar samningsins endurskoða grein þessa.
- 9.2 Aðilar skuldbinda sig til að breyta samþykktum félagsins til samræmis við samning þennan og þá jafnframt ef breytingar eru gerðar á samningnum eftir undirritun hans. Aðilar skuldbinda sig til að beita atkvæðisrétti á hluthafafundum í samræmi við markmið og efni þessa samnings.
- 9.3 Öllu framanrituðu til staðfestu og með fullri heimild rita aðilar nöfn sín undir samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Samningurinn er bindandi milli aðila og gagnvart hluthöfum á meðan þeir eru hluthafar í félaginu.

## VIÐAUKI 1

### Yfirlýsing nýs hluthafa

Vísað er til hluthafasamnings vegna Reiknistofu bankanna hf., rafrænt undirrituðum hinn [•], (hér eftir „**hluthafasamningurinn**“).

Undirritaður aðili, fyrir hönd [•] (hér eftir [•]), staðfestir hér með að [•] hefur fengið framseld öll réttindi og allar skyldur [•] samkvæmt hluthafasamningnum og að [•] teljist skuldbundinn samkvæmt hluthafasamningnum með sama hætti og [•] var áður.

[STAÐUR OG DAGS.]  
f.h. [•]